

Alþingi  
Erindi nr. P 126 / 940  
komudagur 18. 1. 2001



FÍUM, Félag íslenskra uppeldis- og meðferðarstofnanna fyrir börn-og unglunga, Keilufelli 5, 111 Reykjavík

Reykjavík 16. janúar 2001.

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/Templarasund,  
150 Reykjavík

FÍUM, Félag íslenskra uppeldis-og meðferðarstofnanna fyrir börn og unglunga, hefur farið yfir frumvarp til breytingar á barnalögum, 314. mál, ráðgjöf í umgengnis -og forsjármálum.

Stjórn félagsins telur brýnt að umgengnis- og forsjárdeilumál séu leyst á frumstigi þeirra. Fagnar stjórnin því þeirri þá auknu ráðgjöf sem lögð er til í frumvarpinu. Telur stjórnin að fyrirhugaðar breytingar verði án nokkurs vafa til hagsbóta fyrir börn og foreldra, takist vel til um framkvæmd þeirra. Þá telur stjórnin að breytingarnar hafi forvarnargildi og stuðli að lausn erfiðra mála.

Félagið bendir á að í 3. másl. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins (sem verði 37. gr. A laga nr. 20/1992), eigi í stað "hafa" að koma "hefur" þar sem segir að sýslumaður skuli einnig bjóða barni ráðgjöf, sem náð [hefur] tólf ára aldri.

F.h. stjórnar Fíum,

Helga Jörgensdóttir formaður